

Ný skýrsla OECD um nýsköpun í skólastarfi

OECD sendi nýverið frá sér skýrsluna [Measuring innovation in education: A new perspective](#).

Í henni er sjónum beint að nýsköpun í skólastarfi og kynntar niðurstöður úr víðtækri könnun á nýsköpun í skólastarfi. Áhugi á nýsköpun í skólastarfi hefur aukist töluvert á



undanförnum árum og er til marks um það að margar stefnubreytingar undanfarinna ára eru sérstaklega ætlaðar að auka svigrúm skólafólks í starfi og hvetja þannig til nýsköpunar. En vantað hefur að skilgreina nákvæmlega hvað telst til nýsköpunar í skólastarfi og hvernig meta skuli árangur. Skýrsluhöfundar taka á þessum erfiðu viðfangsefnum og leggja grunn að frekari umræðu um þessi mál.

Þótt mikið sé rætt um nýsköpun í skólastarfi hefur skort markvissa skilgreiningu á hvað telst til nýsköpunar þegar í skóla eða skólastofu er komið. Skýrsluhöfundar hafa reynt að ráða bót þar á og leggja út frá skilgreiningum sem hafa verið mótaðar með einkageiran í huga. Sérstaklega er stuðst við svokallaða [Oslóarhandbók](#) sem skilgreinir nýsköpun sem:

„innleiðing nýrra eða töluvert betrubættra vara (eða þjónustu), ferla, markaðsetningaraðferða, skipulagsaðferða, viðskiptaaðferða...“

Í skilgreiningu Oslóarhandbókarinnar felst að nýsköpun gerir eitthvað “betra” en það var áður. En hvernig á að meta hvort afleiðing tiltekinnar nýsköpunnar hafi falið í sér betrubót fyrir viðkomandi aðila? Í einkageiranum má segja að málið sé tiltölulega einfalt – afrakstur er á endanum mældur í afkomu

fyrirtækisins. Því má einfaldlega kanna hvort afkoma hafi batnað eða versnað. Öðru máli gegnir um opinbera þjónustu. Þar er árangur metinn út frá hagkvæmni og jöfnuði sem litast gjarnan af pólitískri afstöðu ráðamanna hverju sinni. Öfugt við einkageirann getur nýsköpun í skólastarfi falið í sér töluverða kostnaðaraukningu sem verður ekki endurheimt í gegnum skólakerfið sem slíkt en betrubætir samt sem áður skólastarfið. Ennfremur nægir ekki að meta nýsköpun í skólastarfi út frá námsárangri einum og sér. T.d. er umdeilt hvort aukin notkun upplýsingatækni í skólastarfi skili sér í bættum námsárangri. Þó má velta fyrir sér hvort yfirleitt sé hægt að réttlæta að skólar skili fólki út í nútímasamfélag með takmarkaða reynslu af notkun upplýsingatækni af þeirri ástæðu einni að notkun hennar bætir ekki námsárangur. Þannig er hægt að færa rök fyrir því að nýsköpun tengd notkun upplýsingatækni í skólastarfi eigi fullkomlega rétt á sér hvort sem hún bætir námsárangur eða ekki. Skýrsluhöfundar gera vel grein fyrir öllum þeim vandkvæðum sem fylgja því að mæla nýsköpun í skólastarfi og leggja þannig góðan og gagnlegan grunn fyrir frekari umræðu.

Könnunin sem lýst er í skýrslunni er ein sú fyrsta sem miðar að því að safna samanburðarhæfum alþjóðlegum gögnum um nýsköpun í skólastarfi (sjá t.d. líka norræna [MEPIN verkefnið](#)). Könnunin leiddi ýmislegt áhugavert í ljós. Sérstaklega kemur á óvart að á sumum sviðum er nýsköpun meiri í skólastarfi en í einkageiranum, sem er nokkuð á skjön við útbreiddar skoðanir. Könnunin leiddi meðal annars í ljós að á sviði þekkingar og aðferða er nýsköpun töluvert meiri í skólastarfi en í einkageiranum. Ennfremur eru störf tengd nýsköpun á þessu sviði eru fleiri í skólum en í einkafyrirtækjum. Á öðrum sviðum, svo sem þjónustu og tækni, var nýsköpun svipuð eða lægri en í einkageiranum. Skýrsluhöfundar benda líka á að ekki er öll nýsköpun af hinu góða. T.d. hefur verið mikil nýsköpun í tengslum við námsmatsaðferðir, sérstaklega í þróun staðlaðra prófa, en aukin áhersla á slík próf er talið hafa neikvæð áhrif á aðra

þætti skólastarfs.

Með þessari könnun á nýsköpun í skólum er stigið mikilvægt skref í að þróa aðferðir til að meta mikilvæga þætti í þróun skólastarfs. Könnunin náði til 27 landa eða landsvæða (fylki í BNA og Kanada sem tóku þátt eru talin sér) en Ísland var ekki meðal þeirra. Það er vonandi að skýrslan nýtist samt íslensku skólafólki og ráðamönnum og að Ísland geti tekið þátt í þessu mikilvæga alþjóðlega samstarfi síðar.

